Nd. **46. Tillaga til þingsályktunar** [45. mál]

um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild ályktar að skipa nefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka allar staðreyndir um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar, rekstrarkostnað nú og síðar og samninga virkjunarinnar um orkusölu. Skulu nefndarmenn vera fjórir, einn tilnefndur af hverjum þingflokki. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Að loknum störfum skal nefndin gefa neðri deild skýrslu um niðurstöður sínar.